

1949

MÁLAFN

RAFORKUMÁLASKRIFSTOFAN

142.24

B2M282 D 1.
RF/JJSkýrsla um athuganir og mælingar á Vopnafirði sumarið 1949.

Ákveðið hafði verið að meðan á mælingum við Mývatn stæði skyldi ég fara til Vopnafjarðar og gera þar athuganir og mælingar að heppilegri virkjun fyrir kaптúnið og næstu sveitir.

Samkvæmt herforingjaráðskortunum í mælikvarða 1:100000 og umsögn kunnugra eru eftirtaldar ár þær einu er til greina geta komið:

Selá í Selárdal: Milli Hróaldsstaða og Breiðumýrar er foss í ánni. Hægt er að ná um 8 m fallhæð. Stærð úrkomusvæðis 620 km². Engin eða sama og engin miðlun. Afl, miðað við að virkjað rennsli samsvari 10 l/sek/km² úrkomusvæðis, verður um 500 hö. Fjarlægð frá kaптúninu 6,5 km í loftlínu.

Hvammsá: fellur í Selá milli Hróaldsstaða og Hvammsgerðis, Fallhæð er þarna á 300-500 m vegalengd milli 30 og 40 m. Áin fellur úr vatnaklasa á Hróaldsstaðaheiði og miðlunar skilyrði fyrir hendi í þrem vötnum Reiðarvatni, Miðvatni og Nyrðstavatni. Fjarlægð frá kaптúninu 8,0 km. Úrkomusvæði 85 km². Vegna vatnanna er rennsli árinna mjög jafnt og afl því áætlað 500 hö án miðlunar.

Hofsá: Skammt austan við bæinn Foss er 16 m fall í tveim fossum í Hofsá. Stíflustæði er þarna gott en pípu- og stöðvarhússtæði erfitt. Úrkomusvæði 560 km². Miðlunarskilyrði líklega einhver í Langhólmavatni og ef til vill í Geldingavatni og Stórhólmavatni. Fjarlægð frá kaптúninu 31 km. Afl án miðlunar um 900 hö.

Selá í Hofsárdal fellur niður Refstaðafjall. Úrkomusvæðið er svonefndur Lambadalur og er aðeins 11 km². Fallhæð er þarna 220 m, en pípulengd rúmir 2 km. Afl miðað við 10 l/sek/km² 250 hö.

Furíðará fellur úr Furíðarvatni niður af Burstafelli. Úrkomusvæði 10 km². Fallhæð 250 m. Pípulengd um 800 m. Afl með miðlun 250-300 hö. Fjarlægð frá kaптúninu 22 km.

Auk þessara möguleika sem hér eru upptaldir er líklegt að virkjunarmöguleikar séu fyrir hendi í Sunnudalsá og Almenningsá en um þær hafði ég engar upplýsingar.

Áður en farið var norður hafði verið ákveðið að þeir virkjunarstaðir, sem lengri væru frá kaптúninu en 20-25 km væru og fjarlægir fyrir ekki stærri virkjun en hér er um að ræða.

Að þessu athuguðu hafði ég ákveðið að skoða Selá í Selárdal, Hvammsá, Almenningsá ytri og Sunnudalsá, sleppa Hofsá vegna fjarlægðar frá kaптúninu, Selá í Hofsárdal og Furíðará vegna þess hve úrkomusvæði þeirra eru lítil.

Að morgni þess 8. ágúst koma þeir Sigurjón Rist og Agnar Guðmundsson til mín að Skútustöðum. Eru þeir á leið til Austurlandsins í vatnsmælingar og ætla sér að vera komnir til Vopnafjarðar þ. 12. og setja þar upp vatnshæðarmæli. Var því augljóst, að bezt hefði verið að ég væri þá búinn að athuga virkjunarmöguleika á Vopnafirði og ákveða samkvæmt því í hvaða á vatnshæðarmælirinn skyldi settur.

Nú var þannig ástatt um mælingar við Mývatn þessa daga að ómögulegt var að fara með neitt af mælingaáhöldum frá Mývatni án þess að tefja fyrir verkinu og gera menn verklausu þar. Ákvað því að fara til Vopnafjarðar þ. 10. og athuga virkjunarskilyrði án þess að hafa með mælitæki, en fara síðar og mæla á þeim stöðum er mér litist bezt á.

Lagði á stað til Vopnafjarðar 10. ágúst og komst þangað seint að kvöldi.

Að morgni næsta dags átti ég tal við kaupfélagsstjóra Halldór Ásgrímsson og skýrði honum frá áætlunum mínum. Það kaupfélagsstjóri mig eindregið að líta á Selá í Hofsfárdal, þar eð hann hafði trú á því að virkjunarskiptyrði væru þar góð enda virtist það trú fjölmargra þar um slóðir að svo væri. Ákvað því að skoða ána sama dag og Sunnudalsá þar eð það væri í leiðinni. Kaupfélagsstjóri útvegaði mér nú aðstoðarmann með jeppabifreið. Fórum við fyrst að Selá í Selárdal.

Selá í Selárdal: Fossinn fellur þarna ofan af blágrýtisbrún niður í djúpt gil úr blágrýti. Stíflustæði er traust blágrýti og yrði stífluhæð varla höfð meiri en 3-4 m, þó möguleikar séu á meiri hæð. Stokkur 40-50 m á blágrýti að stöðvarhúsi. Fallhæð þá um 7 m. Með því að lengja pípu um helming fengist um 2 m fall í viðbót. Yfirleitt eru virkjunarskiptyrði þarna góð.

Aðal vandkvæði á virkjun þarna eru hlaup þau sem koma í ána er hún ryður sig á vorin.

Árni bóndi á Áslaugarstöðum áleit ána hækka mjög mikið meðan við gljúfrin, en sagði að Sveinn Árnason er dveldi að Ljósalandi væri manna kunnugastur hlaupum í ánni. Átti ég símtal við Svein um ána og sagði hann að áin hækkað um 2 m neðan við gljúfrin. Mikill jakaburður væri í ánni er hún hlypi en að hlaupin stæðu ekki nema um klukkustund. Yfirleitt voru menn hræddir við hlaupin í Selá. Áin hafði fyrir nokkru brotið niður gamla sundlaug er stóð niður við ána. Skoðaði ég sundlauginu og var hún úr mjög lélegri steypu, ójárnbentri.

Ofan við stíflu myndast lón sem einhver dægurmiðlun yrði í. Þetta lón yrði það stórt að það myndi draga úr hlaupunum. Hvort sem pípa yrði 40 eða 100 m myndi stöðvarhúsið standa vel í vari svo auðvelt yrði að verja það og pípu.

Á Áslaugarstöðum fengum við lánaða hesta og héldum að Almenningsá ytri. Björgvin faðir Árna á Áslaugarstöðum bað mig að líta á Sauða í leiðinni, taldi hana mjög hagstæða til virkjunar. Ármann Ármannsson bóndi á Leifsstöðum taldi ámóta vatn í Sauða og í Almenningsá ytri. Í Sauða var hægt að ná um 30 m fallhæð á 5-600 m. Pípustæðið var óhagstætt og vatn mun minna en í Almenningsá ytri, eins og úrkomusvæðin sýna.

Almenningsá ytri: Úrkomusvæði árinna er aðeins 33 km².

Vötn eru mörg á þessu svæði. Vatnsrennsli árinna því jafnt og möguleikar á miðlun. Áin fellur í þröngu og djúpu gljúfri, dýpt þess oft um 50 m.

Á 100 m vegalengd eru þrjár fossar í ánni og samanlögð hæð þeirra um 25-30 m. Hvergi er með góðu móti hægt að ná ánni út úr gljúfrunum svo öll mannvirki yrðu að vera niðri í þeim. Pétur Pétursson bóndi að Lýtingsstöðum sagði að sunnanvert við ána væru snjóalög sama og engin í gljúfrunum. Þessir þrjár fossar hafa of lítið afl fyrir kaптúnið. Fyrir ofan þá eru smáfossar eða flúðir og um 250 m ofar er hæsti fossinn 12-14 m. Alls næst þarna um 45 m fall, en þá er pípustæðið mjög erfitt því gljúfrin eru þrött og krönglött.

Skoðaði bæjarlæk fyrir Pétur bónda að Lýtingsstöðum um leið og lagði á ráð með honum um það hvernig hann ætti að mæla vatnsmagn hans. Fallhæð var þar 8-10 m.

Hvammsá: Frá Lýtingsstöðum héldum við að Hvammsá. Áin fellur í blágrýtisgljúfri niður hliðina og er á einum stað mjög auðvelt að ná henni upp úr gljúfrinu. Þarna eru ágæt stíflustæði á tveim stöðum á blágrýtis klöpp og yrði stíflan um 3 m á hæð og 20-25 á lengd. Pípustæðið er gott á na. bakka árinna. Þyrfti þó að sprengja niður pípu á einum stað. Þessi virkjunarstaður er alveg við þjóðveginn. Stöðvarhúsið myndi standa á grunnum mel neðan við veginn en pípan að koma undir veginn að því. Þarna yrði um

350-500 m langa pípu að ræða eftir því hvort stíflustæðið yrði valið. Fallhæð um 40 m.

Að sögn kunnugra eru miðlunar skilyrði ágæt í Reiðarvatni, Miðvatni og Nyrðsta vatni. Auðvelt væri að stífla þau og hækka þannig um 2-3 m. Stærð þessara þriggja vatna er um 1,2 km². Ef hægt væri að nýta 1 m miðlun í þeim með ódýrum stíflum fengist þarna all veruleg miðlun. Vatnið í ánni var hreint og framburður virtist lítill. Að sögn kunnugra koma aldrei hlaup í ána og rennsli hennar er mjög jafnt.

Í kauptúnið komum við aftur á miðnætti og voru þá komnir þangað þeir Sigurjón Rist og Agnar Guðmundsson. Komu okkur saman um að setja vatnshæðarmæli bæði í Selá í Selárdal og í Hvammsá.

Árnar eru þær, sem einna líklegastar eru til þess að verða virkjaðar, auk þess sem Hvammsá er einkennandi fyrir beztu þverárnar í héraðinu og Selá að sínu leyti fyrir aðal árnar.

Næsta dag var haldið í sunnanvert héraðið og komið að Selá í Hofsárdal. Páll Methúsalemsson bóndi á Refstað fylgdi mér á hestum upp Refstaðafjall. Áin fellur eins og allar þverár á þessum slóðum í djúpum gljúfrum og krönglóttum. Rúma 2 km frá stöðvarhússstæði er ágætt stíflustæði inn í gljúfrunum, en pípu-stæðið þaðan og út úr gljúfrunum er all erfitt. Eftir að út úr gljúfrunum kemur er ágætt pípustæði niður fjallshlíðina að stöðvarhússstæði, sem einnig er ágætt.

Áin virtist mun vatnsmeiri en úrkomusvæði hennar gefur tilfni til að halda. Þegar ég nefndi að áin myndi verða 100-150 l/sek minnst, hélt Páll, sem er athugull og varkár í dómum, að hún yrði eflaust aldrei minna en 300 l/sek.. Að áin er þetta stór mun stafa af því að snjóa leysir aldrei alveg allt sumarið í Lambadal, en snjóþyngsli þar mjög mikil á veturnum.

En þó að minnsta rennsli í ánni yrði aldrei minna en 300 l/sek. virðist þó pípulínan verða of dýr fyrir ekki stærri virkjun.

Frá Refstað néldum við að Hrappsstöðum leit þar á Brunná fyrir Helga Gíslason bónda þar, fengum svo lánaða hesta hjá Helga og néldum að Sunnudalsá.

Úrkomusvæði Sunnudalsár er um 187 km². Miðlunar skilyrði eru ekki í ánni. Milli bæjarins Sunnudals og eyðibýlisins Borgir er foss í ánni.

Hæð hans er um 8 m. Áin fellur þarna í um 5 m djúpu blágrýtisgili og með því að stífla það fæst þarna um 13 m fall. Miðað við 10 l/sek/km² úrkomusvæðis er þá afl þarna um 250 hö. Fjarlægð frá kaupþúninu 18 km. Afl virðist því þarna heldur minna en í Hvammsá og fjarlægð til kaupþúnsins rúmlega tvöfalt lengri. Virkjunarskilyrði eru þarna góð, pípustæði og stöðvarhússtæði á traustum grunni og vel í vari fyrir ánni, pípulengd um 60 m, en stífla heldur stór fyrir ekki stærri virkjun. Allar aðstæður aðrar fremur hagstæðar.

Að athugunum þarna loknum fórum við til kaupþúnsins og komum þangað síðla kvölds. Athuganir dagsins höfðu ekki breytt þeirri ákvörðun að rétt hefði verið að setja vatnsnæðarmæli í Selá í Selárdal og Hvammsá. Ákvað því samkvæmt þessu að fara til Vopnafjarðar þegar það væri mögulegt vegna mælinganna við Mývatn og mæla þá fyrir virkjun í Hvammsá og Selá.

Hinn 13. sept. lagði ég svo á stað með Steingrími Pálssyni til Vopnafjarðar. Átti tal við kaupfélagsstjóra Halldór Ásgrímsson þá um kvöldið og fékk hann til að útvega okkur aðstoðarmann við mælingarnar. Hann bað mig að mæla fyrir bæjarlækjavirkjunum hjá Sigurði Gunnarssyni oddvita að Ljótsstöðum og Helga Gíslasyni bónda að Hrappsstöðum þar eða hann þjóst við að við yrði á því að Páll Hafstað kæmi til Vopnafjarðar. Hét ég kaupfélagsstjóra því.

Morguninn eftir fórum við að Selá og mældum fyrir virkjun þar allan þann dag. Veðurskilyrði voru mjög erfið til mælinga, úða rigning allan daginn.

Daginn eftir mældum við fyrir virkjun í Hvammsá og síðasta daginn fyrir bæjarlækjavirkjununum.

Héldum síðan til Mývatns um kvöldið.

í október 1949.

Pógnv. Þorlacsson